# Fundargerð 315. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi
**Fundardagur:** þriðjudagur 18. mars 2025
**Fundartími:** 17:00-18:00
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við breytingum á samþykktum um stjórn Flóahrepps undir lið 13. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 298, dags. 12.03.2025**

   a) **Laugardælur – hverfi; Nýr aðkomuvegur; Deiliskipulag -2411053**
   Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lands Laugardæla L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu. Skilgreindir eru byggingarreitir og byggingarheimildir innan svæðisins auk þess sem gert er ráð fyrir skilgreiningu á nýju bíla- og rútustæði við Laugardælakirkju. Í gildi er deiliskipulag innan svæðisins sem tekur til tveggja lóða sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi við gildistöku framlagðs deiliskipulags.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sérstaklega verði leitað umsagna til Vegagerðarinnar vegna málsins.*

   Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir land Laugardæla L166253 og að það það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sérstaklega verði leitað umsagna til Vegagerðarinnar vegna málsins. Í framlögðu deiliskipulagi er nýr aðkomuvegur skilgreindur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu. Í deiliskipulaginu eru einnig skilgreindir byggingarreitir og byggingarheimildir innan svæðisins auk þess sem gert er ráð fyrir skilgreiningu á nýju bíla- og rútustæði við Laugardælakirkju. Deiliskipulag sem er þegar í gildi sem tekur til tveggja lóða fellur úr gildi við gildistöku framlagðs deiliskipulag.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Hvítárbyggð L238531, Hjálmholt; Frístundabyggð F22; Deiliskipulag – 2501073**
   Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps, alls um 60 ha svæði að ræða. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á bilinu 9.600 - 17.800 fm að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hverrar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag vegna Hvítárbyggðar L238531 og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Framlagt deiliskipulag tekur til til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps, alls um 60 ha svæði að ræða. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á bilinu 9.600 - 17.800 fm að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hverrar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 222, dags. 05.03.2025**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Austurvegur 69E L229186; Laugardælur land L206114; Stofnun lóðar**

Fyrir liggur, að nýju, beiðni um stofnun 279,9 fm lóðar úr landi Laugardæla land L206114. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi dags. 04.02.2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun 279,9 fm lóð úr landi Laugardæla land L206114 innan marka Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps – Vinnuhópur**

Á fundi sveitarstjórnar dags. 04.03.2025 samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps að taka tilboði frá Landmótun í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps og hefur verksamningur verið undirritaður á milli Flóahrepps og Landmótunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að stofna vinnuhóp vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem hefur það hlutverk að sitja reglulega samráðsfundi með Landmótun á meðan vinna við endurskoðun aðalskipulags fer fram. Sveitarstjórn samþykkir að eftirfarandi fulltrúar sitji í vinnhópnum:

Sitjandi aðalmenn í sveitarstjórn Flóahrepps

Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Almari Sigurðssyni – Lambastaðir land 1 L199637; Skilgreining lands; Aðalskipulag**

Fyrir liggur erindi frá eigendum Lambastaða land 1 L199637 þar sem óskað er eftir því að 30 ha af landi þeirra sem liggur vestan og suðvestur af landi Flóahrepps verði merktir inn á aðalskipulag Flóahrepps sem íbúðarbyggð.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa erindi um breytta skilgreiningu lands Lambastaða land 1 L199637 til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Kaup á áhaldahúsi fyrir Flóahrepp – breyting á fjárfestingaráætlun 2025**

Í samþykktri fjárfestingaáætlun 2025 er gert ráð fyrir 30 milljón kr. fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum í eignasjóði vegna í keyptrar fasteignar fyrir áhaldahús sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að breyta fjárfestingaáætlun 2025 þannig að gert verði ráð fyrir kaupum á tveimur iðnaðarbilum. Samtals fjárfesting vegna keyptrar fasteignar fyrir áhaldahús sveitarfélagsins verði alls 50 milljónir kr. á árinu 2025. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum um kaup á iðnaðarbilum fyrir áhaldahús sveitarfélagsins og uppfæra fjárfestingaáætlun 2025 skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Árshátíð Flóahrepps 2025

Sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar 2025 að gera ráð fyrir árshátíð starfsmanna, nefnda og verktaka á vegum sveitarfélagsins líkt og síðustu tvö ár.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að árshátíð sveitarfélagsins verði haldin föstudaginn 25. apríl 2025 á Hótel Vatnsholti.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Erindi frá ASÍ, SGS, og Eflingu – Upplýsingabeiðni**

Fyrir liggur beiðni um upplýsingar frá ASÍ, SGS og Eflingu er varðar útvistun ræstinga- og þrifastarfa á árunum 2019-2024. Í dag er ræstingum- og þrifastörfum útvistað í leik- og grunnskóla í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur stjórnendum leik- og grunnskóla í Flóahreppi að taka saman umbeðnar upplýsingar og felur sveitarstjóra að koma upplýsingum til viðeigandi aðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Erindi frá Landsbyggðin lifi – Leitað eftir samstarfi**

Fyrir liggur erindi frá Landsbyggðin lifi þar sem leitað er eftir samstarfi við sveitarfélög í dreifbýli vegna norræns verkefnis sem kallast „Coming, Staying, Living“. Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi en afþakkar þátttöku.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Samningur um rétt Flóahrepps til nýtingar á jarðhita í landi Lauga**

Á fundi sveitarstjórnar 15.10.2024 var sveitarstjóra falið að skoða, ásamt lögmanni sveitarfélagsins, erindi eigenda jarðarinnar Lauga, L166252, þar sem óskað var eftir að samningur jarðeigenda og Flóahrepps um nýtingu jarðhita innan lóðarinnar yrði felldur úr gildi. Minnisblað lögmanns sveitarfélagsins vegna málsins er lagt fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur farið yfir minnisblað lögmannsins og telur ekki forsendur til þess að verða við ósk eigenda Lauga eins og það er lagt upp í erindi þeirra dags. 10.10.2024. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda bókun sveitarstjórnar og minnisblað lögmanns sveitarfélagsins á eigendur Lauga þar sem ósk þeirra er hafnað að svo komnu máli.

Sveitarstjórn leggur til að sveitarfélagið og landeigendur Lauga eigi viðræður við Hitaveitu Hraungerðishrepps um jarðhitaréttindi innan Lauga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna þann möguleika.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. **Þingborg eldri**

Fyrir liggur samþykkt gagntilboð í Þingborg eldri F2201101 dags. 12.03.2025 og þar með bindandi kaupsamningur á milli kaupanda og seljanda.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun kaupsamnings f.h. sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. **Skipulag funda sveitarstjórnar í apríl**

Vegna tveggja umræðna um ársreikning Flóahrepps 2024 samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi fundaplan í apríl:

| | |
|---|---|
| 1. apríl | Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar kl. 17:00 í Þingborg<br>*Fyrri umræða ársreiknings 2024.* |
| 15. apríl | Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar felldur niður |
| 29. apríl | *Aukafundur* sveitarstjórnar kl. 17:00 í Þingborg<br>*Síðari umræða ársreiknings 2024* |

Sveitarstjóra falið að auglýsa breytingar á fundartímum sveitarstjóranar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. **Breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps – Fyrri umræða**
Fyrir liggur að gera þarf breytingar á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps vegna breytinga sem snúa að nýjum byggðasamlögum um Tónlistarskóla Árnesinga bs. og Brunavarna Árnesýslu bs. Einnig þarf að gera breytingar vegna bókunar sveitarstjórnar dags. 04.03.2025 sem snúa að íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd og stýrihópi um heilsueflandi samfélag.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar breytingar á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps og vísar þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. **Fundargerðir**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 314, dags. 04.03.2025

b) Fræðslunefndar nr. 156, dags. 25.02.2025
Varðandi lið 3 a) í fundargerð sem snýr að bókun fræðslunefndar á skorti á leiktækjum í Krakkaborg þá vill sveitarstjórn koma því á framfæri að sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar 2025 að gera ráð fyrir 3 milljónum í fjárfestingaráætlun 2025 vegna leikskólans og leikskólalóðar og byggir sú ákvörðun á hugmyndum leikskólastjóra um leiktæki sem lagðar voru fram á vinnufundi sveitarstjórnar og leikskólastjóra vegna fjárhagsáætlunar 2025. Verið er að vinna að tillögu um breytingu á deiliskipulagi við Þingborg vegna framtíðar byggingarreits og stækkun leikskólans en ólíklegt er að þau áform hafi mikil áhrif á núverandi leikskólalóð.
Leikskólastjóra falið að skoða kaup á hentugum leiktækjum í samráði við umsjónarmann fasteigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 31, dags. 11.03.2025

d) Fagnefndar Skóla- velferðarþjónustu Árnesþings bs. nr. 4, dags. 04.03.2025
Varðandi lið 1 í fundargerð fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps tillögur fagnefndar að hækkun fjárhagsaðstoðar, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og breytinga á gjaldskrám vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að innleiðingarstjórar vegna farsældar geri tillögu um hverjir eigi sæti í stýrihóp og kynni tillögur fyrir fagnefnd og aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Stjórnar Bergrisans nr. 82, dags. 24.02.2025

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 964, dags. 07.02.2024 og nr. 971, dags. 28.02.2025

g) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 212, dags. 11.03.2025 ásamt ársreikningi 2024.

h) Samráðsfundar vegna Ölfusárbrúar dags. 07.03.2025

i) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 6, dags. 13.01.2025 og nr. 7, dags. 14.02.2025 ásamt starfsáætlun 2025

j) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 79, dags. 26.02.2025

k) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 81, dags. 19.02.2025
l) Vegagerðarinnar og Flóahrepps vegna hringvegar (1) Þjórsá-Selfoss dags. 04.12.2024

15. Efni til kynningar

a) Stóri plokkdagurinn 27. apríl
Sveitarstjórn felur umhverfis- og samgöngunefnd að vekja athygli á Stóra plokkdeginum 27. apríl.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
b) Frá Sinfóníuhljómsveit Íslands – Sinfó í sundi
c) Snjóflóð og samfélög – Ofanflóð 2025 ráðstefna 5.-6. maí
d) Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 20. mars
Fulltrúi Flóahrepps á fundinum er Hulda Kristjánsdóttir.
e) Aðalfundur Öruggara Suðurland 8. apríl
Fulltrúi Flóahrepps verður Árni Eiríksson í fjarveru Huldu Kristjánsdóttur.
f) Bréf á Landsbankann hf. – ítrekun á svari við bókun sveitarstjórn Flóahrepps
g) Frá Fjarskiptastofu – Upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði
Verkefnastjóra Flóaljóss hefur verið falið að svara erindinu fyrir hönd sveitarfélagsins.
h) Frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála – Niðurstöður frumkvæðisathugunar á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu
i) Frá Landsvirkjun og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands – Dagur jökla 21. mars
j) Frá Héraðsskjalasafni Árnesinga – Námskeið í grúski
k) Frá Markaðsstofu Suðurlands – Fréttabréf
l) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Þakkir fyrir góða samvinnu vegna PISA 2025
m) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 101. mál: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða
n) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 147. mál: Skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslög
o) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 1. apríl kl. 17.00 í Þingborg

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðm.
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson

FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Fundargerð nr. 157
# Fræðslunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| Fundarstaður: | Þingborg fundarsalur |
| Fundardagur: | Þriðjudagur 25. mars 2025 |
| Fundartími: | Krakkaborg 16:40-17:40<br>Sameiginlegt 17:40-17:50<br>Flóaskóli 17:50-18:30 |
| Fundarmenn: | Bjarni Stefánsson, formaður<br>Margrét Dría Guðmundsdóttir, aðalmaður<br>Axel Páll Einarsson, ritari<br>Hjalti Guðmundsson, aðalmaður<br>Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður<br><br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla<br>Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla<br>Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs<br><br>Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar<br>Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar<br>Stefanía Ósk Benediktsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar |

**1. Krakkaborg**

a) Skoðunarferð um leikskólann. Fræðslunefnd gekk um leikskólann, fékk góða kynningu frá Leikskólastjóra og hafði gaman að. Sérstakan áhuga sýnir Fræðslunefnd á lóðinni sem vantar aðeins viðhald.

b) Fréttir af skólastarfinu. Starfið í mjög góðum málum og ekkert endilega sérstakt að frétta.

c) Áætlun fyrir næsta skólaár, nemenda- og starfsmannafjöldi, aðstaða. 37 nemendur byrja skólaárið í haust og svipaður kjarni starfsfólks í byrjun eða 19 starfsmenn. Aðstaðan gerir ráð fyrir að 52 börn gætu mögulega verið í leikskólanum.

d) Útisvæði – leiktæki. Leikskólastjóri fékk tilboð í leiktæki hjá Jóhann Helga & co, hús, lítill kofi og kastali með rennibraut. Þetta eru falleg vönduð Finnsk tæki sem kosta auðvitað sitt. Umræðan á fundinum fór út í það hvort íbúar og foreldrar gætu komið og sett saman einhver smá leiktæki sem yrðu samþykkt af heilbrigðiseftirlitinu.

e) Viðbragðsáætlun vegna óveðurs. Viðbragðsáætlun er aðgengileg á heimasíðu og hefur verið uppfærð og aðeins löguð til.

f) Endurskoðun á dvalarsamningi. Smávægilegar breytingar á Dvalarsamningi Krakkaborgar, aðallega formbreytingar.

g) Önnur mál. Fræðslunefnd ræðir um hvort réttast væri að börn sem sækja um dvöl í leikskólanum hafi búsetu í Flóahreppi eða allavega að annað foreldri hafi að minnsta kosti lögheimili og/eða búsetu í hreppnum. Fræðslunefnd vísar þessari umræðu til Sveitastjórnar.

*Þennan lið sátu: Bjarni, Hjalti, Axel, Sævar, Margrét, Sara, Stefanía og Helga*

2. Sameiginlegt
   a) Engin sameiginleg mál.

*Þennan lið sátu. Bjarni, Hjalti, Axel, Sævar, Margrét, Sara, Stefanía, Helga, Þórunn, Catharina og Íris.*

3. Flóaskóli
   a) Fréttir af skólastarfinu. 12 nemendur 10. bekkjar Flóaskóla eru í skólaferð í Danmörku ásamt 2 kennurum og er að heyra á þeim að flest ætli að flytja þangað að námi loknu.
   1.-7. bekkur eru að æfa fyrir leikritið Grease og verður það frumsýnt á fimmtudaginn.
   b) Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn. Stærsta verkefnið framundan er að skoða og innleiða endurskoðaða aðalnámsskrá sem verður útskrifað eftir 2026. Sett verða inn ný námsmarkið og hæfniviðmið. Eins er starfsfólk að kynna sér Frigg sem er nýr stafrænn gagnagrunnur utan um skráningu upplýsinga um íslenska nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla.
   c) Áætlun fyrir næsta skólaár, nemenda-og starfsmannafjöldi, aðstaða. Nemenda fjöldi verður áætlaður 110 nemendur næsta haust og 27 stöðugildi starfsmanna. Verið er að bæta aðstöðuna í Þjórsárveri og skipuleggja skólalóðina með heildar myndina í huga. Aðalvinnan fer samt af stað í sumar svo ekki skapist slysahætta af vinnuvélum.
   d) Skólapúlsinn, foreldrakönnun. Foreldrakönnu var lögð fyrir foreldra Flóaskóla þar sem öll heimili fá könnun en nóg er að annað foreldrið svari könnuninni. Það sem Fræðslunefnd skoðar helst er hvort breyting hefur átt sér stað milli ára og eða hvort eitthvað styngur í stúf. Helst ber að nefna að foreldrar eru almennt ánægðir en þó ber á smá mælingu á einelti að mati foreldra, foreldrum unglingsstúlkna finnst vanta aðeins meiri aga í bekkjum. Foreldrar mættu aðeins spýta í lófanna með heimalestur nemenda en Fræðslunefnd dáist að heiðarleika foreldra í svörum. Foreldrar barna í Flóaskóla gera frekar væntingar um iðnnám en háskólanám barna sinna í framtíðinni sem trúlega endurspeglar samfélagsgerðina. Skólapúlsinn og niðurstöður hans eru aðgengilegar á heimasíðu Flóaskóla sem foreldrar eru samkvæmt Skólapúlsinum rosalega ánægðir með.

   *Fræðslunefnd vill endilega beina því til foreldra að ef þeim finnst eitthvað eiga sér stað í skólanum eða á samfélags miðlum, sem gæti flokkast undir einelti, að tilkynna það til skólanns svo það komist í ferli.*

   e) Önnur mál.
   Engin

*Þennan lið sátu Bjarni, Hjalti, Axel, Sævar, Margrét, Þórunn, Catharina og Íris*

*Óundirritað eintak*

# Fundargerð 10. fundar
# Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg
**Fundardagur:** Fimmtudagur 20.03.2025
**Fundartími:** 16:00 - 18:05

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Harpa Magnúsdóttir
Fundargerð ritar: Guðmundur Bjarnason

***Dagskrá:***

1. Drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu
2. Samþykkt um búfjárhald

***Fundargerð:***

1. Drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu
   Nefndin fór yfir drögin og kom með eftirfarandi punkta:
   a. Glæra 11 - liður nr. 2 "Stuðla að fjölgun möguleikum óstaðbundinna starfa..." þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: "Stuðla að fjölgun á möguleikum til óstaðbundinna starfa...".
   b. Glæra 11- liður nr. 2 "Styðja við fjölgun á húsnæði...." Þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: "Stuðla að auknu framboði á húsnæði..".
   c. Glæra 12 - liður nr. 6 Í samstarfsaðilar stendur: "HMS" . Nefndin leggur til að skammstafanir verði skrifaðar út, í þessu tilfelli verður: "Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun", jafnvel hafa skammstöfun þá innan sviga. Þetta mætti skoða á fleiri glærum.
   d. Glæra 13 - liður nr. 8 "..... styðja við frumkvöðla á öllum aldri með fræðslu, aðst...." hér væri gott að bæta við kyni og þjóðerni. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: "styðja við frumkvöðla óháð aldri, kyni og uppruna, með fræðslu, aðst....".
   e. Glæra 13 - liður nr.9. "Samstarfsaðilar: Menningarnefndir og félög". Nefndin leggur til að skoða hvort að söfn á svæðinu eigi að heyra undir samstarfsaðila í þessum lið.
   f. Glæra 12 - liður nr.12 "...nýta þekkingarstarfsfólk á svæðinu til uppbygg..." Orðið "Þekkingarstarfsfólk" þarf að skýra betur eða breyta.

   Að öðruleiti er almenn ánægja með þessa stefnu.
2. Samþykkt um búfjárhald fyrir Flóahrepp.
   Nefndin skoðar samþykktir sem eru ný samþykktar hjá öðrum sveitarfélögum.
   Nefndin tekur málið fyrir á næsta fundi og sér fyrir sér að komast lengra með þessa vinnu þá.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið 18:05

**Stjórn byggðasamlags UTU - 118. fundur**
**haldinn í Aratungu og á Teams, miðvikudaginn 26. febrúar 2025**
**og hófst hann kl. 10:50**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason (í fjarfundabúnaði), Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

1. **Greining KPMG**

Lögð fram drög frá KPMG að stefnumótun og framtíðarsýn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. í kjölfar launagreiningar. Með þeim breytingum sem hafa orðið á undanförnum misserum í aukinni sjálfvirkni, flutningi í nýtt húsnæði og færslu seyruverkefnisins til UTU er full ástæða til þess að ráðast í heildstæða endurskoðun á skipuriti og vinnufyrirkomulagi. Markmiðið er að skýra hlutverk og ábyrgð embættisins og hvaða þjónustu á að veita aðildarsveitarfélögunum, greina tækifæri til úrbóta og skapa framsækinn og eftirsóknarverðan vinnustað. Mikilvægt er að tryggja faglegt og framsækið starfsumhverfi sem stuðlar að góðri þjónustu og skilvirkri stjórnsýslu.

*Formanni stjórnar falið að vinna málið áfram.*

*Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:48**

| | |
|---|---|
| Helgi Kjartansson | Walter Fannar Kristjánsson |
| Ása Valdís Árnadóttir | Jón Bjarnason |
| Haraldur Þór Jónsson | Ísleifur Jónasson |

# Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 26.02.2025
Tími: 15:27:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 26.02.2025
Tími: 16:12:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 26.02.2025
Tími: 17:24:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 26.02.2025
Tími: 15:17:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 26.02.2025
Tími: 15:36:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 26.02.2025
Tími: 15:25:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3fbad34c-bf21-4ef8-9c5e-2c29a1c16ef2

**Stjórn byggðasamlags UTU - 119. fundur**
**haldinn á Borg, miðvikudaginn 12. mars 2025**
**og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson formaður, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

1. **Hreinsun á rotþróm 2025**

Skrifstofustjóri leggur til að hreinsun á seyru verði með samskonar hætti og í fyrra.

*Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.*

*Samþykkt samhljóða.*

2. **Landbótasjóður**

Lagt fram til kynningar erindi frá Landi og skógi þar sem kemur fram að Landbótasjóður mun ekki styrkja aðgerðir innan girðingar á Hrunamannaafrétti þar sem þeir telja svæðið sé komið það langt í uppgræðslu að ekki sé þörf á aðgerðum.

*Lagt fram til kynningar.*

3. **Vegur við Tungufellsdal**

Lögð fram til kynningar bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna fundargerðar 117. fundar stjórnar UTU, fjórði liður.

*Lagt fram til kynningar.*

4. **SATS**

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá fyrir vorfund SATS sem haldinn verður á starfssvæði UTU. Fundurinn verður haldinn 8. – 9. maí og verður skrifstofa UTU lokuð þá daga.

*Samþykkt samhljóða.*

5. **Endurskoðun PWC**

Lagður fram samningur við PWC vegna endurskoðunar fyrir rekstrarárið 2024.

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi samning og felur skrifstofustjóra að undirrita hann fyrir hönd UTU.*

*Samþykkt samhljóða.*

### 6. Sumarlokun skrifstofu

Skrifstofa UTU verður lokuð þrjár vikur í sumar. Skrifstofustjóri leggur til að lokunin verði 21. júlí til og með 8. ágúst.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30**

| | |
|---|---|
| Helgi Kjartansson | Walter Fannar Kristjánsson |
| Ása Valdís Árnadóttir | Jón Bjarnason |
| Haraldur Þór Jónsson | Ísleifur Jónasson |

# Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 12.03.2025
Tími: 13:29:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 13.03.2025
Tími: 06:56:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 13.03.2025
Tími: 00:06:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 12.03.2025
Tími: 22:59:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 12.03.2025
Tími: 11:41:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 12.03.2025
Tími: 14:40:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f4026299-7919-4097-9be9-0ea08e7c00bb

# Fundargerð 972. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 11. mars kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson, Jón Björn Hákonarson og Freyr Antonsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Dagskrá XL. landsþings Sambandsins - 2407022SA**

   Lagt fram erindi frá 26 sveitarstjórum, dags. 6. mars 2025, þar sem óskað er eftir breytingu á dagskrá landsþings, jafnramt lögð fram drög að nýrri dagskrá.

   *Stjórn samþykkir tillögu að nýrri dagskrá sem og að halda sér morgunverðarfund um íþróttamál. Stjórn samþykkir jafnframt þá breytingu sem gerð var á tillögu um breytingu á samþykktum. Breytingin var samþykkt í tölvupósti áður en tillagan var send til landsþingsfulltrúa.*

Fundi var slitið kl. 17:25

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**243. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn þriðjudaginn 18. mars 2025 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundabúnaði), Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. **Starfsleyfi, skráning, tóbakssöluleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit**

   a. **Starfsleyfi**

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503039HS | Starfsleyfi | 1707 ehf. gisting Lautarbrekka 7 | 805 | 11.03.2025 |
| 2503019HS | Starfsleyfi ný starfsemi - pizzasjálfssali | Eldum Gott ehf. | 800 | 06.03.2025 |
| 2503028HS | Starfsleyfi tímabundið - jarðborun Meitlum | Orkuveita Reykjavíkur | 816 | 06.03.2025 |
| 2503011HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Magate ehf. - Dílaflöt - gisting | 861 | 04.03.2025 |
| 2503004HS | Starfsleyfi - tímabundið starfsleyfi | Fjallafang ehf. veitingavagn | 851 | 03.03.2025 |
| 2503006HS | Starfsleyfi tímabundið - jarðborun Kaldárhöfða | Ræktunarsamband Flóa/Skeið ehf. | 801 | 03.03.2025 |
| 2502145HS | Starfsleyfi eigendskipti | Skyrgerðin ehf. | 810 | 28.02.2025 |
| 2502146HS | Starfsleyfi ný starfsemi | TINY LODGE ehf. gisting sumarh. | 805 | 28.02.2025 |
| 2502126HS | Starfsleyfi endurnýjun | Vatnsveita Orlofssjóður BHM | 806 | 26.02.2025 |
| 2502127HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Landeldi hf. - Aðveitustöð | 815 | 26.02.2025 |
| 2502128HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Xiang's ehf. | 845 | 26.02.2025 |
| 2502129HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Eyr veitingar ehf. | 800 | 26.02.2025 |
| 2502130HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Sörla Camp - Lúxus Ævintýrareisur ehf. | 851 | 26.02.2025 |
| 2502119HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Vesturkot - rekstur ehf. | 805 | 25.02.2025 |
| 2502110HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi - | Kubbur ehf. – söfnun og flutnigur á sorpi | 900 | 24.02.2025 |
| 2502111HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Rúnar Sigmarsson, Vatnsból Sauðhúsvelli | 861 | 24.02.2025 |
| 2502112HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Öldur ehf. | 850 | 24.02.2025 |
| 2502113HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Þorsteinshús, gisting - Skógafoss slf | 861 | 24.02.2025 |
| 2502102HS | Starfsleyfi fyrir rannsóknaborholur vegna neysluvatns | Hydros Ölfus ehf. | 816 | 21.02.2025 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2502103HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Þóroddur ehf. - Guesthouse | 805 | 21.02.2025 |
| 2502094HS | Starfsleyfi, tímabundið - OR vegna díselrafstöðvar á Mosfellsheiði | Orkuveita Reykjavíkur | 816 | 19.02.2025 |
| 2502076HS | Starfsleyfi endurnýjun | Fjöruborðið - Humar og Skel ehf. | 825 | 17.02.2025 |
| 2502065HS | Starfsleyfi ný starfsemi - gisting í tveimur húsum | David Chlebecek - Miðey spilda 1 | 861 | 13.02.2025 |
| 2502060HS | Starfsleyfi eigendaskipti Litla bændabúðin og flutningar matvæla | Sólskins grænmeti ehf. | 845 | 12.02.2025 |
| 2502057HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Dalasól ehf. gisting í sumarhúsi Miðhús 6 | 806 | 11.02.2025 |
| 2502059HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ísfélag Vestmannaeyja hf - Þorlákshöfn | 815 | 11.02.2025 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:**

- Hydros Ölfus ehf., kt. 4110241480, Hafnarbergi 1, 815 Ölfus, vegna borunnar 5 rannsóknar-og vöktunarhola á Hafnarsandi í Sveitarfélaginu Ölfusi, sjá hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 26. mars 2025

- Orkuveita Reykjavíkur, kt. 5512983029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vegna reksturs díselrafstöðvar til að knýja sjálfvirkan radar fyrir fuglarannsóknir innan fjarsvæðis vatnsverndar á sunnanverðri Mosfellsheiði í Sveitarfélaginu Ölfusi, sjá hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 25. mars 2025

- Olís ehf., kt. 5002693249, Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, vegna eldsneytisafgreiðslu fyrir starfsemi Þjótanda, Sleipnisvöllum 4, 850 Hella, sjá hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 19. mars 2025

- Ísfélag hf., kt. 6601691219, vegna framleiðslu á áburði úr aukaafurðum sjávarfangs, Óseyrarbraut 20, 815 Þorlákshöfn. sjá hér

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 19. mars 2025

- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 4106932169, Víkurheiði 6, 800 Selfoss, vegna borunnar lághitaholu fyrir Bláskógabyggð á lóðinni Skólatún 1, 840 Laugarvatni, áætlaður framkvæmdatími er um þrír mánuðir, sjá slóð hér.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 17. mars 2025

- Reykjabúið ehf., kt. 581187 2549, Suður-Reykjum 1, 271 Mosfellsbær, vegna stækkunar alifuglabús Reykjabúsins í Lambhaga í Ölfusi úr 6.000 kalkúnum í hverjum eldishóp í 9.000 kalkúna í hverjum eldishóp, sjá slóð hér..

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 14. mars 2025

## b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503050HS | Skráning vegna niðurrifs og brunaæfingar | Brunavarnir Árnessýslu | 800 | 12.3.2025 |
| 2503009HS | Skráning, br á kennitölu | Orkan IS - Vestmannaeyjar bón og bílaþvottastöð | 900 | 3.3.2025 |

Staðfesting afgreiðslu

## c. Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503051HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Verslunin Árborg ehf. | 805 | 12.03.2025 |
| 2503052HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Samkaup hf. - Hellu | 850 | 12.03.2025 |
| 2503053HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Shell Stokkseyri - Lára Halldórsdóttir | 825 | 12.03.2025 |
| 2503005HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Fjallafang ehf. veitingavagn | 851 | 03.03.2025 |
| 2502058HS | Tóbakssöluleyfi nýtt | Erbil Kebab ehf. | 800 | 11.02.2025 |

Staðfesting afgreiðslu

## d. Afturköllun / höfnun starfsleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2502075HS | Rekstrarleyfi nýtt gisting í sumarhúsi – hafnað vegna skipulags | Boccalupo ehf. | 805 | 17.02.2025 |
| 2503086HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | RK ehf. ísbúðin Bongó, Gróðurhúsinu, Austurmörk 6 | 810 | 17.03.2025 |
| 2503057HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | LH15 ehf. gistiþjónusta að Kirkjubæjarbraut 15 | 880 | 13.03.2025 |
| 2503045HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Snyrtistofa Maju Vestm - María Erna Jóhannesdóttir | 900 | 11.03.2025 |
| 2503044HS | Afturköllun tveggja starfsleyfa Puffin Hotel Vík ehf. | Puffin Hotel Vík ehf. | 870 | 11.03.2025 |
| 2503042HS | Afturköllun starfsleyfis - nýr rekstur og nýr rekstraraðili | Land og skógur – Gunnarholti – | 851 | 11.03.2025 |
| 2503036HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Volcano view, Gunnarshólma - S-24 búfélag ehf. | 861 | 10.03.2025 |
| 2503035HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | Lángos Factory ehf. | 880 | 10.03.2025 |
| 2503034HS | Afturköllun starfsleyfis - nýr rekstraraðili | Komos Kitchen ehf. | 805 | 10.03.2025 |
| 2503033HS | Afturköllun starfsleyfis – ekki lengur starfsleyfisskyld skv. rgl. | Nína Björg Borgarsdóttir - Daggæsla | 800 | 10.03.2025 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2503032HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hættir | Þvottahús Grundar og Áss ehf. | 810 | 10.03.2025 |
| 2503029HS | Afturköllun starfsleyfis – nú Terra umhverfisþjónusta hf | Kubbur ehf. | 900 | 10.03.2025 |
| 2503010HS | Afturköllun skráningar, eigendaskipti, nú Orkan IS ehf | Löður ehf. | 900 | 03.03.2025 |

Staðfesting afgreiðslu.

## e. Umsagnir til sýslumanna
## Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503022HS | Rekstrarleyfi gisting - ný umsókn | Skógarflöt ehf. | 801 | 06.03.2025 |
| 2503013HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti - gisting | Hrífunes Natur Park - Hrísnes ehf | 881 | 04.03.2025 |
| 2502124HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi - gistiskáli | Steinar Resort ehf. | 881 | 26.02.2025 |
| 2502118HS | Rekstrarleyfi veitingar - The star | Xiang's ehf. | 845 | 25.02.2025 |
| 2502117HS | Rekstrarleyfi gisting Lautarbrekka 7 | 1707 ehf. gisting | 805 | 25.02.2025 |
| 2502116HS | Rekstrarleyfi - sumarhús gisting | HIMA ráðgjöf ehf. | 806 | 25.02.2025 |
| 2502115HS | Rekstrarleyfi gisting minna gistiheimili | Vesturkot - rekstur ehf. | 805 | 25.02.2025 |
| 2502066HS | Rekstrarleyfi nýtt - gisting | David Chlebecek - Miðey spilda 1 | 861 | 13.02.2025 |
| 2503054HS | Tækifærisleyfi fjáröflun Hamars | Skyrgerðin ehf. | 810 | 12.03.2025 |
| 2503030HS | Tækifærisleyfi Æfingasalur Gym800 | 101 Heimur ehf. - Crossfit Selfoss | 800 | 10.03.2025 |
| 2502120HS | Tækifærisleyfi Kvennakórinn Ljósbrá | Rangárþing eystra | 860 | 25.02.2025 |
| 2502077HS | Tækifærisleyfi árlegt hjónaball í íþróttahúsi Hrunamanna | Hrunamannahreppur | 845 | 17.02.2025 |

Afgreiðsla staðfest

## f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála
*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503076HS | Hellisland 36, nr. 0341/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 14.03.2025 |
| 2503075HS | Miðtún 17, nr. 0340/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 14.03.2025 |
| 2503074HS | Miðbær Selfoss, nr. 03392025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 14.03.2025 |
| 2503072HS | Stórholt 2 L236857, verslun og þjónusta, nr. 0330/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503071HS | Vorhús L233199, nr. 03292025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503070HS | Kerið 1 L172724, nr. 0328/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503069HS | Laugarvatn L167638, Traustatún og Guststún, nr. 0325/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503068HS | Hraunbraut 1 L213339 og Skólabraut 8 L194470, nr. 0324/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2503067HS | Réttarholt L166586 Árnes, Stækkun skólalóðar ofl., nr. 03232025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503066HS | Hvammsvirkjun, Efnistökusvæði E26, aukin heimild, nr. 0322/2025 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.03.2025 |
| 2503065HS | Hvammsvirkjun, stækkun efnistökusvæðis, nr. 0335/2025 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 13.03.2025 |
| 2503064HS | Útvíkkun þéttbýlismarka Þorlákshafnar, nr. 0275/2025 - Umsögn um aðalskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 13.03.2025 |
| 2503063HS | Hraunkvíar á Grímslækjarheiði, nr. 0253 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 13.03.2025 |
| 2503062HS | Virkjunarsvæði í Hverahlíð, nr. 0319/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 13.03.2025 |
| 2503061HS | Hótel í Hafnarvík, nr. 03182025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 13.03.2025 |
| 2503060HS | Sögusteinn, Grímslækjarheiði, nr. 0317/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 13.03.2025 |
| 2503026HS | Borg lóð endurauglýsing, nr. 0294/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 06.03.2025 |
| 2503025HS | Hótel Dyrhólaey, nr. 02492025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 06.03.2025 |
| 2503023HS | Austurhlutinn í Vík, nr. 0255/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 06.03.2025 |
| 2503003HS | Deiliskipulag fyrir Tjarnargíg, nr. 0225/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps | 880 | 03.03.2025 |
| 2502144HS | Landmannahellir, endurauglýsing, nr. 02642025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 28.02.2025 |
| 2502143HS | Vaðölduver, nr. 0260/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 28.02.2025 |
| 2502142HS | Jórkelda, nr. 02592025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 28.02.2025 |
| 2502141HS | Svínhagi SH-6, nr. 0258/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 28.02.2025 |
| 2502140HS | Stóra-Ármót L166274, Ármótsflöt 10, 12 og 14, íbúðarhúsalóðir, nr. 02382025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 28.02.2025 |
| 2502139HS | Lindarbær 1 L176386, íbúðarhús, gestahús, skemma, útihús, nr. 0237/2025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 27.02.2025 |
| 2502108HS | Ormsvöllur og Dufþaksbraut, nr. 02112025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 21.02.2025 |
| 2502104HS | Hvolsvegur og Hlíðarvegur, nr. 02102025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 21.02.2025 |
| 2502067HS | Eyrarbakkavegur, farsímamastur og tækjaskýli, nr. 01812025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | 800 | 13.02.2025 |
| 2502062HS | Vindás, nr. 01652025 - Umsögn um aðalskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 13.02.2025 |
| 2502055HS | Tjaldsvæði við Skógarfoss, nr. 01642025 - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 11.02.2025 |
| 2502052HS | Deiliskipulag athafnasvæðis við Ofanleiti, nr. 01432025 - Umsögn um deiliskipulag | Vestmannaeyjabær | 900 | 10.02.2025 |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

*Umhverfismál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2503027HS | Selfosslína 1, breyting við Ljósafossstöð, Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 300/2025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 06.03.2025 |
| 2502098HS | Hagavatnsvirkjun, allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í Bláskógabyggð - Umsögn um kynningu umhverfismatsskýrslu | Skipulagsstofnun | 105 | 19.02.2025 |
| 2502053HS | Skógrækt í landi Villingavatns, nr. 0147/2025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 10.2.2025 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

**h) Rekstraryfirlit og leiðrétt fjárhagsáætlun**

Rekstraryfirlit dags. 13. mars til kynningar.
Komið hefur í ljós villa í Excel skjali fjárhagsáætlunar sem nemur 550.000 kr. með því lækkar áætlaður rekstarafgangur sem því nemur.

**2. Ársreikningur 2024**

Endurskoðaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. lagður fram og samþykktur og undirritaður rafrænt. Endurskoðunarskýrsla lögð fram upplesin og staðfest.

**3. Úr eftirliti**

**a. Akurholt, Ölfusi - Kvörtun yfir söfnun bílflaka á lóð og umhverfislýti**

Til kynningar

**b. Kvörtun yfir ónæði frá vinnslu jarðefna í nálægð við íbúabyggð í Þorlákshöfn**

Til kynningar. Um er að ræða starfsleyfisskylda starfsemi. Málinu verður fylgt eftir.

**c. Mar seafood – Town Tours ehf.**

Veitingastaður í miðbæ Selfoss sem uppfyllir ekki skilyrði. Starfsleyfi hefur ekki verið gefið út. Málinu verður fylgt eftir.

**d. Hópsýking á tveimur þorrablótum á Suðurlandi**

Til kynningar drög að lokaskýrslu stýrihóps um rannsóknir hópsýkinga á vegum Sóttvarnalæknis. Jafnframt bréf til rekstraraðila til kynningar þar sem starfsleyfi fyrir veisluþjónustu er hafnað.

**e. Jarðborun á Suðurlandi**

Farið yfir breytingar á verklagi er varða starfsleyfi vegna jarðborana. Jafnframt voru umræður um útgáfu framkvæmdaleyfa á vegum sveitarfélaganna. Heilbrigðisnefnd telur að

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

upplýst umræða fari fram milli hagaðila þ.e. sveitarfélaga, skipulags- og byggingafulltrúa og framkvæmdaraðila. Framkvæmdastjóra falið að taka saman helstu upplýsingar er málið varðar og senda á viðkomandi aðila.

4. **Aðsend erindi:**

**a. Laugalandi, Rangárþingi ytra - Einn á vakt í sundlaug**

Tilkynning móttekin frá Rangárþingi ytra með vísun í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er lúta að laugargæslu, um breytingu á sundlaugarvörslu við sundlaugina á Laugalandi. Yrði íþróttasalurinn um leið skilgreindur sem ómönnuð heilsurækt. Áformað að hafa einn starfsmann á vakt í sundlaugargæslu frá 15. ágúst til 31. maí. Aðsókn í sundlaugina yfir vetrartímann er lítil eins og kemur fram í fylgiskjalinu. Yfir sumartímann, frá 1. júní til 15. ágúst yrðu alltaf tveir á vakt enda aðsókn

Bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands:

*Framkvæmd þessi er háð þeim skilyrðum laugarvörður gegni ekki öðrum störfum og hafi fyrirfram skilgreindan aðila sem unnt er að hringja í, komi til þörf á liðsauka af einhverjum ástæðum. Einnig er hér rétt að árétta þá ríku skyldu sem hvílir á starfsleyfishöfum að tryggja fullnægjandi eftirlit á sundstöðum og þar með talið að laugarvörður verði ekki látinn sinna öðrum störfum en honum eru ætluð. Í tilefni af áformum um að hafa íþróttasal og líkamsræktarstöð ómannaða er skylt að fara eftir reglum og leiðbeiningum þar að lútandi og með því m.a. takmarka aldur einstaklinga við 18 ára, séu þeir ekki í fylgd fullorðinna.*

**b. Villingavatn 2 kvörtun vegna slæmrar umgengni**

Til kynningar - málinu verður fylgt eftir.

**c. Fontana, Laugarvatni vegna breytinga**

Til kynningar– umsókn um heimild til að breyta öllum laugum Fontana í afþreyingarlaugar skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.
Samkvæmt innsendum gögnum frá byggingafulltrúa UTU kemur fram að baðsaðurinn er byggður út í vatnið, því þarf einnig að skilgreina Laugarvatn sem baðstað í náttúrunni. Framkvæmdaraðilinn Fontana þarf að gera áhrifamat fyrir vatnshlotið Laugarvatn bæði vegna framkvæmda við losunar baðvatns út í vatnið og vegna þess að þeir eru að byggja baðstaðinn út í vatnið. Jafnframt þarf að gera áhrifamat fyrir grunnvatnshlotið vegna heitavatnsholunnar sem var boruð við ML, sem er fyrirhugað að nýta í baðstaðinn Fontana.

**b. Árböðin, Laugarási, Bláskógabyggð**

Til kynningar

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

**c. Reykjaböðin, Árhólma, baðlón, Hveragerði**

Á síðasta fundi var erindi frá framkvæmdaraðila um að baðlónið verði flokkaðar sem afþreyingarlaugar skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Í framhaldi var óskað eftir frekari upplýsingum um baðstaðinn, m.a. innilaugar.
Tilkynning var send til Skipulagsstofnunar en var hún um fráveitumannvirkið en ekki losun úr baðlóninu sjálfu.
Losun á baðvatni er er skilgreint sem skólp, sbr. fráveitureglugerð nr. 798/1999, 3. gr. tl. 3.16: *„Iðnaðarskólp er skólp annað er húsaskóp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar."*
Gera þarf áhrifamat sem er grunnur að framkvæmdinni með vísun í lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, bæði vegna áhrifa frá skólphreinsistöðinni og frá baðlóninu sjálfu. Vísað er í leiðbeiningar sjá slóð: https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%C3%B0beiningar%20um%20%C3%A1hrifamat%20fyrir%20vatnshlot_%C3%9Atg.1_Desember%202024.pdf
Málinu verður fylgt eftir.

**4. Önnur mál**

**a) Heildarendurskoðun á reglugerð um baðstaði í náttúrunni fyrirhuguð**

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið óskaði eftir tilnefningum frá HES um fulltrúa til að vinna að heildarendurskoðun reglugerðar um baðstaði í náttúrunni, heilbrigðisfulltrúi frá HSL mun taka þátt í þessu ásamt tveimur heilbrigðisfulltrúum frá öðrum svæðum auk fulltrúa frá Umhverfis- og orkustofnun og mögulega frá atvinnurekendum einnig.
Heilbrigðisnefnd Suðurlands fagnar því að vinna skuli vera hafin.

**b) Uppfærsla á starfsleyfisskilyrðum á sviði hollustuhátta og fyrirhugaðar auglýsingar starfsleyfa**

Í vinnslu hefur verið uppfærsla á starfsleyfisskilyrðum fyrir hollustuháttafyrirtæki skv. reglugerð um hollustuhætti frá 2024. M.a. með það að markmiði að geta hafið auglýsingar á þessum starfsleyfum, ekki er hægt að auglýsa úrelt skilyrði. UOS hefur setið hjá og ekki tekið þátt í þessari vinnu þrátt fyrir beiðni þar um. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa tekið sig saman um að uppfæra skilyrðin. Þau eru í vinnslu.

**c) Icewater staðan**

Til kynningar

| | |
|---|---|
| Guðrún S. Magnúsdóttir | Páll Tómasson |
| Fjóla St. Kristinsdóttir | Kjartan Ólafsson |
| Oddur Árnason | Örn Friðriksson |
| Sigrún Guðmundsdóttir | |

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 18.03.2025 15:56
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 19.03.2025 18:50
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 22.03.2025 15:48
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 22.03.2025 16:18
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 22.03.2025 17:41
Samþykkt

Undirritað með OneSign

# Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs

## Ársreikningur 2024

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

**Efnisyfirlit** bls.


Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 2
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 3 - 4
Rekstrarreikningur ........ 5
Efnahagsreikningur ........ 6 - 7
Sjóðstreymi ........ 8
Skýringar og sundurliðanir ........ 9 - 13


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nr. 1270/2021. Starfssvæði embættisins eru 14 sveitarfélög á Suðurlandi.

## Starfsemin á árinu

Rekstrarafkoma eftirlitsins var jákvæð um 1,3 m.kr. til samanburður við neikvæða afkomu á árinu 2023 upp á 6,7 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 88,1 m.kr. í lok ársins.

Fjöldi ársverka var 8 á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði og verið hefur.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningsskiladegi.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstramiðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

## Eignaraðild

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2024 með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og eru undirritanir stjórnar og framkvæmdastjóra aftast í ársreikningnum.

Selfossi, 18. mars 2025

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu eftirlitsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur*
- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Rekstrarreikning ársins 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Sjóðstreymi ársins 2024.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar**
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum eftirlitsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning eftirlitsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa eftirlitið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi eftirlitsins. Stjórnendum eftirlitsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits eftirlitsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eftirlitsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að eftirlitið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 18. mars 2025

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Undirritun endurskoðanda er rafræn og er aftast í ársreikningnum.

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýringar | 2024 | Áætlun 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Eftirlitsgjöld og leyfi | 3 | 140.768.184 | 145.096.979 | 140.978.663 |
| Framlög sveitarfélaga til rekstrar | 3 | 44.981.314 | 44.981.314 | 41.843.083 |
| Söluhagnaður | | 1.559.999 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 0 | 91.903 |
| | | 187.309.497 | 190.078.293 | 182.913.649 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 138.623.884 | 139.855.088 | 132.295.453 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 10 | 7.942.589 | 6.700.000 | 12.790.988 |
| Stjórnar- og nefndarlaun | | 2.914.687 | 3.002.321 | 3.508.463 |
| Húsnæðiskostnaður | | 5.092.119 | 4.752.449 | 4.715.506 |
| Rekstur bifreiða | | 3.421.727 | 3.753.103 | 3.291.791 |
| Annar kostnaður | | 26.538.072 | 29.720.964 | 31.797.502 |
| Afskriftir | 6 | 4.082.157 | 2.200.000 | 2.562.319 |
| | | 188.615.235 | 189.983.925 | 190.962.022 |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | (1.305.738) | 94.368 | (8.048.373) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 5 | | | |
| Vaxtatekjur | | 4.128.680 | 0 | 2.933.292 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | (1.572.443) | 0 | (1.576.192) |
| | | 2.556.237 | 0 | 1.357.100 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 1.250.499 | 94.368 | (6.691.273) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Bifreiðar | | 24.271.522 | 15.177.787 |
| Tæki og búnaður | | 1.498.271 | 1.720.997 |
| | | 25.769.793 | 16.898.784 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 7 | 6.268.686 | 5.681.071 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.351.902 | 872.922 |
| Handbært fé | 8 | 10.334.189 | 11.482.223 |
| | | 18.954.777 | 18.036.216 |
| **Eignir samtals** | | 44.724.570 | 34.935.000 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Annað eigið fé | 9 | (88.118.756) | (89.369.255) |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | |
| **Lífeyrisskuldbinding** | | | |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 10 | 114.197.563 | 113.943.515 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuld við lánastofnanir | 8 | 5.402.124 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 7.635.381 | 4.405.948 |
| Ógreidd launatengd gjöld | | 5.608.258 | 5.954.792 |
| | | 18.645.763 | 10.360.740 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 132.843.326 | 124.304.255 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 44.724.570 | 34.935.000 |

# Sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 1.250.499 | (6.691.273) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 4.082.157 | 2.562.319 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 10 | 7.942.589 | 12.790.988 |
| Söluhagnaður | | (1.559.999) | 0 |
| | | 11.715.246 | 8.662.034 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (2.066.595) | (541.649) |
| Breytingar rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 2.882.899 | (3.462.647) |
| Greidd lífeyrisskuldbinding | 10 | (7.688.541) | (7.077.123) |
| | | (6.872.237) | (11.081.419) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 4.843.009 | (2.419.385) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 2.690.000 | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | | (14.083.167) | 0 |
| | | (11.393.167) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skammtímalán, breyting | | 5.402.124 | 0 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (1.148.034) | (2.419.385) |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 11.482.223 | 13.901.608 |
| **Handbært fé í árslok** | 8 | 10.334.189 | 11.482.223 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag sveitarfélaga sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

Eftirlitið er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Austurvegi 65, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Innlausn tekna

Framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

## 4. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 111.955.786 | 106.664.333 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 15.297.121 | 14.453.083 |
| Önnur launatengd gjöld | 11.370.977 | 11.178.037 |
| | 138.623.884 | 132.295.453 |

Á árunum 2024 voru stöðugildi 8 en þau voru 8,5 á árinu 2023.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Bifreiðar | Tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2023:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 17.462.940 | 1.998.163 | 19.461.103 |
| Afskriftir | (2.285.153) | (277.166) | (2.562.319) |
| Bókfært verð í árslok | 15.177.787 | 1.720.997 | 16.898.784 |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 22.157.591 | 6.895.190 | 29.052.781 |
| Afskrifað samtals | (6.979.804) | (5.174.193) | (12.153.997) |
| Bókfært verð í árslok | 15.177.787 | 1.720.997 | 16.898.784 |
| **Árslok 2024:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 15.177.787 | 1.720.997 | 16.898.784 |
| Keypt á árinu | 13.480.000 | 603.167 | 14.083.167 |
| Selt á árinu | (1.130.001) | 0 | (1.130.001) |
| Afskriftir | (3.256.264) | (825.893) | (4.082.157) |
| Bókfært verð í árslok | 24.271.522 | 1.498.271 | 25.769.793 |
| Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 29.987.591 | 7.498.357 | 37.485.948 |
| Afskrifað samtals | (5.716.069) | (6.000.086) | (11.716.155) |
| Bókfært verð í árslok | 24.271.522 | 1.498.271 | 25.769.793 |

Bifreiðar, tæki og búnaður eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Bifreiðar | 6,5 ár |
| Tæki og búnaður | 5 ár |

Bifreiðar eftirlitsnefndarinnar eru vátryggðar og miðast vátryggingaverðmæti við markaðsverð þeirra hverju sinni. Áhöld og tæki eru ekki vátryggð.

Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 6.791.700 | 6.554.085 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (523.014) | (873.014) |
| | 6.268.686 | 5.681.071 |

## 8. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

## 9. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Annað eigið fé |
|---|---|
| **Hreyfingar 2023:** | |
| Staða í ársbyrjun | (82.677.982) |
| Tap ársins | (6.691.273) |
| Staða í árslok | (89.369.255) |
| | |
| **Hreyfingar 2024:** | |
| Staða í ársbyrjun | (89.369.255) |
| Hagnaður ársins | 1.250.499 |
| Staða í árslok | (88.118.756) |

# Skýringar

## 10. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingastærðfræðilegrar úttektar í árslok 2024. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2024, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs er áætlaður 81,5%. Útreikningar taka mið af við spá FÍT um lækkandi dánartíðni. Jafnframt er endurreiknaður hlutur ábyrgðaraðila lífeyrisskuldbindinganna útfrá lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 33. gr. en þar kemur fram að launagreiðendur skuli greiða allar hækkanir sem verða á lífeyrisgreiðslum frá því að taka lífeyris hefst.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1/1 | 113.943.515 | 108.229.650 |
| Afborgun á árinu | (7.688.541) | (7.077.123) |
| Breyting á árinu | 7.942.589 | 12.790.988 |
| | 114.197.563 | 113.943.515 |

Áætluð greiðsla á árinu 2025 nemur 7,7 m.kr.

## 11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Sundurliðanir

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| **Eftirlitsgjöld og leyfi** | | |
| Eftirlitsgjöld | 128.786.258 | 118.811.360 |
| Leyfi og vottorð | 2.997.415 | 4.577.555 |
| Rannsóknir | 8.984.511 | 17.589.748 |
| | 140.768.184 | 140.978.663 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Vinnulaun | 111.955.786 | 106.664.333 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 15.297.121 | 14.453.083 |
| Önnur launatengd gjöld | 11.311.093 | 10.986.638 |
| Dagpeningar | 59.884 | 191.399 |
| | 138.623.884 | 132.295.453 |
| **Stjórnar- og nefndarlaun** | | |
| Stjórnarlaun | 2.269.914 | 2.723.843 |
| Launatengd gjöld | 398.587 | 454.990 |
| Bifreiðastyrkir stjórnarmanna | 246.186 | 329.630 |
| | 2.914.687 | 3.508.463 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga Auðhumla, Selfossi | 3.799.284 | 3.587.868 |
| Húsaleiga í Vestmannaeyjum | 1.201.677 | 1.122.982 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 91.158 | 4.656 |
| | 5.092.119 | 4.715.506 |
| **Rekstur bifreiða** | | |
| Bensín, viðhald, dekk ofl | 2.131.445 | 2.145.885 |
| Skattar og tryggingar | 1.290.282 | 1.145.906 |
| | 3.421.727 | 3.291.791 |
| **Annar kostnaður** | | |
| SASS bókhald, reikningagerð ofl | 0 | 1.500.000 |
| Bókhaldsþjónusta | 2.474.262 | 1.784.400 |
| Ráðstefnu- og ferðakostnaður | 454.107 | 1.026.339 |
| Póstur | 130.385 | 103.659 |
| Sími | 281.254 | 345.979 |
| Símsvörun | 950.546 | 0 |
| Ritföng, prentun, pappír | 401.541 | 385.923 |
| Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta | 4.959.678 | 3.684.389 |
| Áhöld og tæki | 732.118 | 1.905.976 |
| Auglýsingar | 126.083 | 50.158 |
| Rannsóknir | 10.207.063 | 17.011.004 |
| Sérfræðiaðstoð | 3.238.117 | 2.583.987 |
| Veitingar og fundakostnaður | 181.188 | 139.476 |
| Tryggingar | 194.837 | 170.346 |
| Niðurfærsla eftirlitsgjalda | 1.180.698 | 318.361 |
| Vinnuföt og annar starfsmannakostnaður | 657.029 | 584.490 |
| Annar kostnaður | 369.166 | 203.015 |
| | 26.538.072 | 31.797.502 |

# Undirritunarsíða

Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir

Undirritað af:
Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
2708755729
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:38:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Sigrún Guðmundsdóttir

Undirritað af:
Sigrún Guðmundsdóttir
0410602639
Dags: 18.03.2025
Tími: 19:28:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Oddur Árnason

Undirritað af:
Oddur Árnason
0605655899
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:35:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Páll Tómasson

Undirritað af:
Páll Tómasson
1305823389
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:35:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Undirritað af:
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:34:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Kjartan Þ Ólafsson

Undirritað af:
Kjartan Þorvarður Ólafsson
0211535599
Dags: 18.03.2025
Tími: 16:17:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Örn Friðriksson

Undirritað af:
Örn Friðriksson
1201594379
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:37:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

Ólafur Gestsson

Undirritað af:
Ólafur Gestsson
0604694669
Dags: 18.03.2025
Tími: 15:41:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 04b04116-a9d7-44f1-b20c-c29ae3dee65f

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 332

**Staður:** Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 18. mars kl. 11:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK) og Jón Valgeirsson (JV). Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð. Á fundinn mætti jafnframt Ólafur Gestsson endurskoðandi hjá PWC.

1. **Drög að ársreikningi Sorpsstöðvarinnar 2024.**

Ólafur Gestsson, endurskoðandi hjá PWC fór yfir drög að ársreikningi Sorpsstöðvarinnar vegna ársins 2024. Ekki er búið að klára endurskoðun ársreikningsins og verður hann afgreiddur formlega þegar hann er klár.
Stjórn samþykkir að senda drögin á aðildarsveitarfélögin til upplýsinga.

Fundi slitið klukkan 11:30.

Skrifstofa: Austurvegur 56, 800 Selfoss kt. 420481-0719
Sími: 480 8230
www.sorpstodsudurlands.is

# Sorpstöð Suðurlands bs

## Ársreikningur 2024

Sorpstöð Suðurlands bs
kt. 420481-0719
Austurvegi 56, 800 Selfossi

## Efnisyfirlit

bls.


Skýrsla stjórnar ........ 2
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 3 - 4
Rekstrarreikningur ........ 5
Efnahagsreikningur ........ 6 - 7
Sjóðstreymi ........ 8
Skýringar og sundurliðanir ........ 9 - 12



Sorpstöð Suðurlands bs
kt. 420481-0719
Austurvegi 56, 800 Selfossi

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Hlutverk Sorpstöðvar Suðurlands bs. er að fræða, upplýsa og greina stöðu úrgangsmála, halda utan um magn úrgangs ólíkra úrgangsflokka, leggja til lausnir fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki á Suðurlandi og eftir atvikum útfæra þær. Hún viðheldur og vaktar urðunarstaðinn í Kirkjuferjuhjáleigu samkvæmt kröfum Umhverfisstofnunar og stendur að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun sorps í aðildarsveitarfélögunum. Loks fer hún með eignarhluti byggðasamlagsins í þeim verkefnum sem byggðasamlagið tekur þátt í s.s. í Orkugerðinni.

## Starfsemin á árinu

Rekstur byggðasamlagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður ársins nam 3,1 m.kr. samanborið við 1 m.kr. hagnað á árið 2023.

Enginn starfsmaður var á launum hjá félaginu á árinu, en greidd voru stjórnarlaun.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði og verið hefur.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningsskiladegi.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

## Eignaraðild

Sorpstöð Suðurlands bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Selfossi, 2025

Stjórn:

*Rafræn undirritun á öftustu síðu*
Ása Valdís Árnadóttir, formaður

*Rafræn undirritun á öftustu síðu*
Bragi Bjarnason

*Rafræn undirritun á öftustu síðu*
Fjóla St. Kristinsdóttir

*Rafræn undirritun á öftustu síðu*
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir

*Rafræn undirritun á öftustu síðu*
Jón G. Valgeirsson

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýringar | 2024 | Áætlun 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | 3 | 10.000.000 | 10.000.000 | 10.000.002 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 11 | 404.276 | 550.000 | 249.541 |
| Stjórnarkostnaður | 4 | 2.588.812 | 3.500.000 | 2.699.666 |
| Fasteignagjöld | | 592.350 | 567.000 | 566.775 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 4.618.082 | 8.950.000 | 7.352.108 |
| Skrifstofukostnaður SASS | | 3.100.000 | 3.100.000 | 3.100.000 |
| | | 11.303.520 | 16.667.000 | 13.968.090 |
| **Rekstrartap** | | (1.303.520) | (6.667.000) | (3.968.088) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 5 | | | |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 5.676.305 | 7.500.000 | 4.960.650 |
| Arður | | 0 | 0 | 1.432.200 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | (1.255.922) | 1.500.000 | (1.379.363) |
| | | 4.420.383 | 9.000.000 | 5.013.487 |
| **Hagnaður ársins** | | 3.116.863 | 2.333.000 | 1.045.399 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Aðstaða, stofnkostnaður | | 13.614.190 | 13.614.190 |
| Kirkjuferjuhjáleiga, land | | 8.862.552 | 8.862.552 |
| | | 22.476.742 | 22.476.742 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 7 | 34.782.000 | 34.782.000 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 57.258.742 | 57.258.742 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 8 | 3.397.421 | 4.959.364 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 137.115 | 35.438 |
| Handbært fé | 9 | 76.959.057 | 71.757.332 |
| | | 80.493.593 | 76.752.134 |
| **Eignir samtals** | | 137.752.335 | 134.010.876 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Annað eigið fé | 10 | 131.366.073 | 128.249.210 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbinding: | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 11 | 2.311.199 | 2.148.827 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | 12 | 3.309.384 | 3.202.840 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 765.679 | 409.999 |
| | | 4.075.063 | 3.612.839 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 6.386.262 | 5.761.666 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 137.752.335 | 134.010.876 |
| **Aðrar upplýsingar** | 13 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýringar | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 3.116.863 | 1.045.399 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Aðrir liðir | 11 | 404.276 | 249.541 |
| | | 3.521.139 | 1.294.940 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 1.460.266 | (4.116.168) |
| Breytingar rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 462.224 | (926.677) |
| Afborganir lífeyrisskuldbindingar | 11 | (241.904) | (42.648) |
| | | 1.680.586 | (5.085.493) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 5.201.725 | (3.790.553) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ógreitt kaupverð hlutabréfa | | 0 | (24.552.000) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 5.201.725 | (28.342.553) |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 71.757.332 | 100.099.885 |
| **Handbært fé í árslok** | | 76.959.057 | 71.757.332 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Hlutverk Sorpstöðvar Suðurlands bs. er að fræða, upplýsa og greina stöðu úrgangsmála, halda utan um magn úrgangs ólíkra úrgangsflokka, leggja til lausnir fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki á Suðurlandi og eftir atvikum útfæra þær. Hún viðheldur og vaktar urðunarstaðinn í Kirkjuferjuhjáleigu samkvæmt kröfum Umhverfisstofnunar og stendur að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun sorps í aðildarsveitarfélögunum. Loks fer hún með eignarhluti byggðasamlagsins í þeim verkefnum sem byggðasamlagið tekur þátt í s.s. í Orkugerðinni.

Sorpstöð Suðurlands bs. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 56, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Innlausn tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings félagsins við sveitarfélögin sem standa að félaginu. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

## 4. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | **2024** | **2023** |
|---|---|---|
| Laun | 2.107.042 | 2.225.266 |
| Lífeyrissjóður | 242.306 | 257.138 |
| Launatengd gjöld | 156.556 | 161.285 |
| Bifreiðastyrkir | 82.908 | 55.977 |
| | 2.588.812 | 2.699.666 |

Samkvæmt ofangreindu námu laun og tengd gjöld til stjórnar félagsins 2,6 m.kr.

## 5. Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| Árslok 2023: | Aðstaða Stofnkostnaður | Kirkjuferju-hjáleiga, land | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| **Árslok 2024:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |
| Bókfært verð í árslok | 13.614.190 | 8.862.552 | 22.476.742 |

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat Kirkjuferjuhjáleigu nemur kr. 38.100.000.

## 7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Orkugerðin ehf | 31,83% | 14.322.000 | 34.782.000 |

